



Reykjavíkurborg



Kópavogsbær

Reykjavík, 3. mars 2021

R21010282

**Efni: Viljayfirlýsing - Fossvogslaug**

Borgarstjóri Reykjavíkur og bæjarstjórinn í Kópavogi hafa átt fundi ásamt yfirmönnum umhverfis- og skipulagsmála í sveitarfélögunum um staðsetningu Fossvogslaugar, sameiginlegs verkefnis sveitarfélaganna á sveitarfélagamörkunum í Fossvogsdal.

Farið hefur verið yfir öll fyrri gögn í málinu og tekið saman minnisblað, sem er meðfylgjandi.

Lagt er til að næsta skref sé að borgarráð og bæjarráð samþykki að efnt verði til hönnunar og skipulagssamkeppni um bestu staðsetningu og útfærslu laugarinnar miðsvæðis í Fossvogsdal. Samkeppnin verði undirbúin í samvinnu við Arkitektafélag Íslands.

Þessu til áréttingar og til að staðfesta vilja sveitarfélaganna um málefnið er lagt til að hjálögð viljayfirlýsing verði undirrituð og bæjarráð og borgarráð veiti umboð til þess.

9. mars 2021

F.h. Reykjavíkurborgar



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

F.h. Kópavogsbæjar



Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri

Hjálagt:

Minnisblað um staðsetningu Fossvogslaugar.

Viljayfirlýsing um Fossvogslaug, drög.



Kópavogsbær



Reykjavíkurborg

2. febrúar 2021

## Minnisblað vegna sundlaugar í Fossvogsdal

Árið 2013 skilaði starfshópur á vegum Reykjavíkur og Kópavogsbæjar niðurstöðum um mögulega staðsetningu sundlaugar í Fossvogsdal á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs. Markmiðið var að gera tillögu um heppilegustu staðsetninguna sem fest yrði í aðalskipulagi beggja sveitafélaga. Skoðaðir voru þrír kostir í dalnum og við nánari skoðun og samanburð var ákveðið að vinna áfram með staðsetningu í miðju dalsins í ljósi þess að það þótti henta skólunum best. Unnið var áfram með hugmynd um litla sundlaug sem þjónaði skólasundi á daginn og almenningi eftir lok skóladags. Ekki er unnt að gera ráð fyrir bílastæðum við laugina, aðgengi þarf að miðast aðallega við gangandi og hjólandi þó þannig að hægt sé að nýta bílastæði við skólabyggingarnar og Fagralund og ganga þaðan að lauginni. Starfshópurinn lagði til að stefnt yrði að „grænni sundlaug“ þar fyrst og fremst yrði gert ráð fyrir að gestir kæmu gangandi og hjólandi og aðeins yrðu gerð bílastæði fyrir aðföng og fatlað fólk.

Ekki er talin ástæða til að endurskoða niðurstöðu starfshópsins heldur hnykkja á örfáum atriðum enda ríflega sjö ár síðan niðurstöður lágu fyrir.

Á undanförum árum hafa samgönguhjólreiðar á höfuðborgarsvæðinu stóraukist, skrifað hefur verið undir samgöngusáttmála við ríkið og unnið er að undirbúningi Borgarlínu sem mun bæta almenningssamgöngur svo um munar. Þetta styður enn frekar við niðurstöðu starfshópsins um staðsetningu og þá hugmyndafræði að sundlaugin eigi að vera „græn“.

Fossvogsdalur er einstakt svæði, skjólgott og gróðursælt og þarf hönnun sundlaugarmannvirkis, nánari staðsetning og aðkomuleiðir að taka tillit til þeirrar sérstöðu sem staðsetningin felur í sér. Sundlaugin yrði fyrst og fremst hugsuð sem hverfislaug en vegna legu má gera ráð fyrir að hún verði töluvert nýtt af útivistarfólki sem leggur leið sína um dalinn. Einnig gæti hún orðið vinsæll áfangastaður fyrir útivistarfólk til að hittast. Mikilvægt er að hönnun og framkvæmd yrði umhverfisvottuð og að lögð yrði áhersla á vistvænar útfærslur í hvívetna allt frá framkvæmd til fullbúinnar byggingar. Eins ætti að sækjast eftir grænni fjármögnun.

Sérstaka áherslur þarf að leggja á landslagshönnun í kringum laugina þannig að hún styrki umhverfi dalsins en dragi ekki úr gæðum þess.

Gera þarf ráð fyrir sundlauginni í aðalskipulagi beggja sveitafélaganna. Sýna þarf staðsetningu á skematískan hátt. Á grundvelli aðalskipulags þyrfti að fara í hönnunarsamkeppni þar sem eitt af úrlausnarefnunum yrði nákvæmari staðsetning og hönnum mannvirkis og útisvæða.


Næstu skref yrðu því breytingar á aðalskipulagi, gerð forsagnar/samkeppnislýsingar fyrir hönnunarsamkeppni og að lokum yrði haldin arkitektasamkeppni. Hafa þarf samráð við lykil hagaðila á öllum stigum þ.á.m. skólasamfélögin og íþróttafélögin.

Að öðru leiti er tekið undir niðurstöður starfshópsins frá júlí 2013.

F.h. Reykjavíkur



Ólöf Þrúsdóttir



Ómar Einarsson

F.h. Kópavogsbæjar

Birgir Sigurðsson



Auður D. Kristinsdóttir

Steingrímur Hauksson.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 og Kópavogsbær, kt. 700169-3759 gera með sér eftirfarandi

## Viljayfirlýsing um Fossvogslaug

Kópavogsbær og Reykjavíkurborg eru sammála um að finna nýrri sameiginlegri sundlaug bæjarfélaganna, Fossvogslaug, stað um miðbik Fossvogsdals, í göngufæri frá grunnskólum dalsins, Snælandsskóla og Fossvogsskóla. Það er í samræmi við tillögur starfshóps sveitarfélaganna um Fossvogslaug og sameiginlega niðurstöðu skipulagssviða sveitarfélaganna.

Staðsetningin og umhverfið er einstakt sem felur í sér mikið tækifæri. Um leið er ljóst að aðgengi og umferð verður sá þáttur framkvæmdarinnar sem verður viðkvæmastur.

Framkvæmdin hefur ekki verið tímasett en það verður gert þegar hönnun og endanleg kostnaðaráætlun liggur fyrir. Gert er ráð fyrir að kostnaður skiptist til helminga, óháð endanlegri staðsetningu laugarinnar, út frá sveitarfélagamörkum.

Til að kalla fram bestu lausnir í verkefninu ætla aðilar að efna sameiginlega til hönnunarsamkeppni um Fossvogslaug í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Skipaður verði undirbúningshópur beggja sveitarfélaga með aðkomu skipulags, íþrótt- og tómsundasviða og skólasviða til að leggja grunn að keppnislýsingunni.

Ljóst er að staðsetning Fossvogslaugar kallar á breytingu á skipulagi beggja sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa haft heildardeilskipulag dalsins í undirbúningi í sameiningu. Lokið verður við það þegar niðurstaða hönnunarsamskeppni Fossvogslaugar liggur fyrir.

Viljayfirlýsing þessi var samþykkt í borgarráði [Dags.] og bæjarráði [Dags.]

Reykjavík [Dags.]

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Kópavogsbæjar

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

Ármann Kr.Ólafsson, bæjarstjóri